

Þriðjudaginn 16. mars 1976.

Nr. 138/1974. **Hellir s/f**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Helga Þórarinssyni

(Jón Finnsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfjárhæð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. júlí 1974. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til nýs málflutnings og dómsálagningar. Til vara krefst hann sýknu, en til þrautavara staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að vextir verði aðeins dæmdir frá útgáfudegi stefnu 7. mars 1972. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með hinum áfrýjaða dómi var áfrýjanda dæmt að greiða stefnda skaðabætur 22.100 krónur. Þar sem fjárhæðin nær ekki 25.000 krónum, verður málið ekki borið undir Hæstarétt, shr. 2. mgr. 13. gr. og 14. gr. laga nr. 75/1973, en áfrýjandi hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis samkvæmt 16. gr. sömu laga. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hellir s/f, greiði stefnda, Helga Þórarins-

syni, 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Fjárhæð þeirrar dómkröfu, sem stefndi gerði á hendur áfrýjanda fyrir héraðsdómi, nam 32.100 krónum. Í áfrýjunarstefnu krefst áfrýjandi algerrar sýknu af þeirri kröfu. Telst nefnd fjárhæð því áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 2. mgr. 13. gr., sbr. 1. ml. 14. gr., laga nr. 75/1973. Skiptir ekki máli í því tilliti, þótt héraðsdómur hafi eigi tekið dómkröfu stefnda til greina að fullu, heldur einungis dæmt áfrýjanda til greiðslu fjárhæðar, sem er lægri en fjárhæð sú, sem lögmaelt er í áður-nefndri 2. mgr. 13. gr.

Samkvæmt framanrituðu tel ég, að tilvitnuð ákvæði laga nr. 75/1973 séu því ekki til fyrirstöðu, að mál þetta verði dæmt að efni til í Hæstarétti. En þar sem meiri hluti dómara hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, er ekki ástæða til, að ég leggi efnisdóm á málið.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. desember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Helgi Þórarinsson verkamaður, Arnarhrauni 11, Hafnarfirði, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 11. mars 1972, á hendur Helli s/f, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.100 auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnaðar, þar á meðal matskostnaðar, að skaðlausu.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Þann 27. ágúst 1966 keypti stefnandi fokhelda íbúð í húsinu nr. 11 við Arnarhraun í Hafnarfirði af stefnda. En félagar í Helli s/f voru þá Björn Ólafsson byggingameistari, Guðni Steingrímsson múrarameistari og Kristján Steingrímsson bifreiðarstjóri, allir í Hafnarfirði. Húsið var afhent fokhelt með frágengnu þaki.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram í stefnu, að síðar hafi samist svo um með stefnanda og öðrum íbúðaeigendum, að Hellir s/f sæi um múrhúðun hússins að utan. Stefnandi kom fyrir dóm-inn 11. maí 1973 og sagði þá, að stefnendur (sic) hefðu boðist til þess í kaupsamningi að annast múrhúðun. Eftir að málið hafði verið tekið til dóms, 9. nóvember 1973, var það endurupptekið, og var aðiljum þá gefinn kostur á að leggja fram kaupsamning-inn. Í fjórða tölulið samningsins segir, að seljandi lofi að annast meðal annars múrhúðun utanhúss. Af stefnda hálfu var því mót-mælt í greinargerð, að stefndi hefði annast múrhúðunina, og því haldið fram, að Guðni Steingrímsson hefði séð um múrhúðun utan-húss, en þetta var síðan leiðrétt við munnlegan flutning málsins.

Stefnandi kveðst hafa fengið leyfi til að byrja að vinna í íbúð sinni síðari hluta marsmánaðar eða í apríl árið 1967. Guðni Stein-grímsson kom fyrir dóm-inn 22. maí 1973. Hann kvað húsið hafa verið múrhúðað sumarið 1967. Í matsbeiðni, dags. 30. júlí 1971, sem síðar verður getið nánar, og í stefnu kveður stefnandi múrhúðun á húsinu hafa verið lokið í september til október 1967. Í stefnu og matsbeiðni segir, að stefnandi hafi flutt inn í íbúð sína á efri hæð hússins, eftir að múrhúðun lauk, eða í desember árið 1967.

Í kröfubréfi til stefnda, dags. 13. nóvember 1970, segir hins vegar, að stefnandi hafi flutt inn í íbúðina um miðjan september 1967. Í kröfubréfinu segir, að farið hafi að bera á leka úr sprungu í loftplötu í stofuhorni, er stefnandi hafði búið í íbúðinni í tvo til þrjá mánuði, og þetta hafi ágerst svo, að í vatnsveðrum hafi vatn pípt niður um sprunguna. Í matsbeiðni og stefnu segir, að fljótlega eftir að stefnandi flutti inn í íbúðina, eða í janúar—febrú-ar 1968, hafi farið að bera á leka í útvegg í suðausturhorni stof-unnar og málning byrjað að flagna þar af. Í aðiljaskýrslu segir stefnandi, að hann hafi fyrst orðið var við sprungur, meðan húsið var í byggingu. Eftir að hann fékk leyfi til að vinna í húsinu, kveðst hann hafa byrjað að innrétta, pússa og einangra. Hann kveðst hafa tekið eftir því, að vatn kom inn, alltaf þegar rigndi og hvasst var. Hann kveður vera sprungu í loftplötu í stofu, þvert í hornið. Hann kveður vera láréttar sprungur á útvegg, bæði ofan og neðan við loftplötu. Hann kveður hafa komið niður 3 til 4 lítra af vatni, þegar mest var, yfir nóttina. Hann kveður leka hafa komið víðar fram í stofunni við útvegginn. Í greinar-gerð stefnda segir, að síðast í desember kveði Guðni Steingríms-son stefnanda hafa haft samband við sig vegna leka, sem þá var

að koma fram í húsinu. Telur Guðni, að leki þessi muni nafa komið fram í sprungu, sem myndast hafi við jarðskjálfta, sem varð í desember 1968, enda hafi stefnandi aldrei kvartað um leka á húsinu í þau tvö ár, sem hann hafði átt íbúðina, fyrr en eftir jarðskjálftann. Guðni segir í aðiljaskýrslu sinni, að fyrst hafi komið til tals, að sprungur væru í húsinu í desember 1968, þegar stefnandi hafði orð á því við mætta (sic). Hann kveður stefnanda hafa hringt í sig og sagt sér, að leki væri í stofunni. Hann kveðst hafa komið og litið á þetta. Hann kveður múrarana, sem múruðu húsið að utan, ekki hafa minnst á, að veggir væru sprungnir. Hann kveðst telja, að sprungurnar hafi myndast í jarðskjálfta. Hann kveðst ekki hafa orðið var við annan leka en í horni stofunnar hjá stefnanda. Hann kveðst hafa spurt stefnanda, hvort um annan leka væri að ræða. Hann kveður stefnanda hafa svarað, að svo væri ekki. Hann kveður Sigurstein og Ragnar Jónssyni hafa múrhúðað íbúðina að innan. Hann kveður þá ekki hafa unnið á vegum stefnda. Hann kveðst hafa tekið fram við þá, að þeir létu sig vita, ef eitthvað væri athugavert. Hann kveðst ekki hafa fengið tilkynningu frá þeim um nokkuð athugavert.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Ragnars Stefánssonar, deildarstjóra jarðeðlisfræðideildar Veðurstofu Íslands, dags. 3. maí 1972, svohljóðandi:

„Varðandi fyrirspurn í síma um jarðhræringar í Hafnarfirði í des. 1968—jan. 1969: Sá jarðskjálfti, sem hafði lang mest áhrif í Hafnarfirði á þessu tímabili, varð 5. desember 1968 kl. 0944, upp-tök 63° 55' N, 21° 50' W, stærð 6.0 á Richter-karða. Styrkleiki hreyfinga af völdum þessa jarðskjálfta í Hafnarfirði var yfirleitt 5 stig á Mercalli-styrkleikastiga frá 1931, sem svarar til flýtninnar 2.5—5 cm/sec.² Þessi styrkleiki veldur venjulega ekki sprungum í steinsteypu, en sprungur, sem eru fyrir í steinsteypu, gætu komið fram í múrhúðun. Þess skal þó getið, að styrkleiki þessa skjálfta á einstaka stöðum í Hafnarfirði gæti verið talsvert meiri en 5, vegna þess að undirstaðan væri til þess fallin að þeim stöðum að magna hreyfinguna mjög. Hraunið, sem Hafnarfjörður stendur á, hefur áreiðanlega mjög breytilega svörun gagnvart jarðskjálftum frá einum stað til annars. Því er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að umræddur jarðskjálfti hafi valdið sprungumyndun í steinsteypu í einstaka húsum“.

Stefnandi kveðst ekki hafa orðið var við, að mynduðust sprungur í jarðskjálfta.

Þorleifur Guðmundsson eldfæraeftirlitsmaður, til heimilis að Arnarhrauni 13, Hafnarfirði, hefur komið fyrir dóminn. Hús hans stendur við hlið Arnarhrauns 11.

Hann segist hafa legið á sjúkrahúsi frá 9. nóvember til 9. desember 1968 og segir, að þegar hann kom heim, hafi verið komin sprunga í bílskúrgólf og í steinsteypt bílskúrsþak. Enn fremur kveður hann hafa verið lóðréttu sprungu á austurgafli íbúðarhússins. Hann kveðst telja, að sprungurnar í bílskúrnum hafi myndast við jarðskjálfta, en um sprungu á húsinu kveðst hann ekki vilja fullyrða, en segir, að þússningin hafi ekki flagnað af fyrr en á þeim tíma.

Í kröfubréfi segir, að stefnandi hafi kvartað árangurslaust. Í matsbeiðni og stefnu segir, að Guðna Steingrímssyni hafi verið gert aðvart um lekann, áður en íbúð stefnanda var einangruð og múruð að innan. Í aðiljaskýrslu kveðst stefnandi hafa tilkynnt Guðna Steingrímssyni um þetta á húsfundi, er verið var að ræða um utanhússpússningu. Hann kveður Guðna hafa reynt að laga þetta með þússningu, en árangurslaust. Guðni Steingrímsson kveðst muna eftir að hafa setið húsfund, þar sem rætt var um utanhússpússningu. Hins vegar kveðst hann ekki muna eftir, að minnst væri á leka á þeim fundi.

Vitnið Laufey Guðmundsdóttir, sem átti íbúð að Arnarhrauni 11, kveðst hafa verið á fyrsta fundi eigenda í húsinu, áður en þússað var. Hún kveður Kristján Steingrímsson hafa verið á fundinum, en man ekki, hvort Guðni var þar. Hún kveður sækjanda hafa haft orð á því, að veggur væri lekur í íbúð sinni og skakkur. Hún kveður þetta hafa verið stofuvegginn, sem snýr að vinklunum við innganginn. Hún kveður alla fundarmenn hafa gengið yfir í íbúð Helga til að skoða þetta. Hún kveður hafa verið áberandi mikinn vatnsleka þarna, sérstaklega áður en þússað var. Hún tekur fram, að þegar rigndi, eftir að þússað var, hafi aftur lekið og pípt niður vatn. Hún kveður hafa verið hafðan bala undir lekanum.

Guðni Steingrímsson braut upp sprungur og gerði við þær 30. október og 31. október 1969. Í kröfubréfi segir svo um þetta: „Aðstæður til lagfæringar voru ekki góðar, þegar verkið var unnið, komið myrkur, og um nóttina fraus. Komu þessar aðgerðir ekki að neinu haldi. Í rigningarveðri er verulegur leki þarna, og nú er einnig farið að bera á leka í öðru horni stofunnar“. Í stefnu segir frá þessu atriði á sama veg. Guðni Steingrímsson kveðst

hafa hitt stefnanda, nokkuð löngu eftir að hann framkvæmdi viðgerðina. Hann kveður stefnanda þá ekki hafa talið neitt athuga-vert. Guðni og stefnandi voru samprófaðir. Stefnandi kvaðst þá við þetta tækifæri hafa sagt, að hann gæti ekki sagt um, hvort viðgerðin hefði borið árangur, því ekki hefði komið rok og rigning, eftir að viðgerðin fór fram. Hann kveðst hafa sagt, að hann væri vantrúaður á, að viðgerðin bæri árangur. Guðni kvaðst alls ekki minnst þess, að Helgi hagaði orðum sínum þannig. Stefnandi kveður svo hafa komið fram leka, næst þegar gerði hvassviðri og rigningu. Hann kveðst hafa talað um þetta við Guðna og spurt, hvort stefndi hygðist framkvæma viðgerð. Hann kveður stefnanda ekki hafa viljað sinna því. Um nánari atvik að þessari kvörtun kveðst hann ekki muna. Hann kveðst muna eftir að hafa hringt í Guðna og að Guðni hafi komið og litið á lekastaðina. Hann man ekki, hvort það var eftir eða áður en viðgerðin fór fram. Hann kveður vel geta verið, að þetta hafi átt sér stað, áður en viðgerðin fór fram. Vitnið Laufey Guðmundsdóttir segir, að eftir að viðgerð fór fram, hafi hætt að leka í íbúð sinni, en ekki í íbúð stefnanda.

Vitnið Arnar Axelsson kom fyrir dóminn 12. júní 1973. Hann kvaðst eiga íbúð að Arnarhrauni 11. Hann kvaðst hafa flutt inn í íbúð sína um haustið 1968. Eftir að hann flutti inn, kveðst hann hafa orðið vitni að því, að leki var í íbúð stefnanda. Hann kveðst hafa tekið þátt í að fyrirbyggja, að læki áfram niður á neðri hæð. Hann kveðst ekki minnst þess að hafa heyrt um leka fyrr. Hann kveðst minnst þess að hafa orðið var við glufur í samskeytum við efstu loftplötu, þegar hann vann við að mála húsið að utan. Hann kveðst hafa haft orð á því við Kristján Steingrímsson, en segir, að Kristján hafi gert lítið úr þessu. Hann kveður glufur þessar hafa verið á tveimur stöðum. Hann segir, að glufurnar hafi verið svo víðar, að koma hafi mátt blýanti í þær. Hann kveðst ekki muna nákvæmlega, hvar þær voru, en telur, að annar staðurinn hafi verið nálægt innganginum. Hann segir, að báðir staðirnir hafi verið götumegin á húsinu. Hann kveðst minnst þess, að þegar hann varð fyrst var við lekann, hafi Guðni Steingrímsson verið kvaddur á vettvang. Hann kveður viðgerð hafa farið fram í óhagstæðu veðri. Guðni Steingrímsson segir, að gengið hafi verið frá efstu loftplötu á hefðbundinn hátt. Hann segir, að stunginn hafi verið út vatnslás í veggjasteypu og platan steipt ofan á. Hann kveðst hafa athugað sérstaklega öll samskeyti og misfellur í steypu á þessu húsi, áður en hann múrhuðaði. Hann

kveður öll skil hafa verið hreinsuð rækilega og sett mak í misfelli á steypuskilum, þar sem þurfa þótti. Hann kveður ekki hafa verið meira um misfelli en gengur og gerist. Hann kveðst ekki muna eftir, hvort sprungur voru í steypunni. Hann segir, að vatnslás hafi verið gerður með listum í mótum, þar sem því varð við komið. Hann kveðst hafa framkvæmt viðgerð, eftir að stefnandi kvartaði um leka. Hann kveðst hafa gert við sprungu á vegg íbúðarinnar í vinkli við inngang. Hann kveður sprunguna hafa verið lárétta við steypuskil efstu plötu. Einnig kveðst hann hafa gert við aðrar sprungur, finni, annars staðar í húsinu með frankítti. Hann kveður þær sprungur hafa verið á framhlið, bæði fyrir framan vinkilinn, yfir íbúð stefnanda og fyrir innan vinkilinn og þaðan fyrir húsornið.

Í bréfi, dags. 10. júlí 1971, óskaði stefnandi eftir því, að dómkvaddir yrðu matsmenn til þess að skoða og gera álitssgerð um orsakir leka í íbúð hans og áætla, hvað kosta mundi að gera við hana. Til að framkvæma matið voru skipaðir þeir Ingi Kristjánsson húsasmíðameistari og Hörður Þórarinsson múrarmeistari. Matsgerðin hófst 13. október 1971 og er dags. 11. nóvember 1971. Meginefni hennar er sem hér segir:

„Í suðaustur horni stofu var sprunga í lofti, sem sjáanlega hefur lekið með, einnig fyrir miðjum stofuglugga og suðvesturhorni stofunnar.

Að utan eru áberandi sprungur milli loftplötu og innfelldrar þakhæðar. Á þessum steypuskilum hefur múrhúðun losnað á kanti. Yfir miðjum stofuglugga er lóðrétt sprunga.

Þegar þessi skoðun fór fram, var þurrt veður, og óskuðu matsmenn, að þeir yrðu látnir vita, þegar leki kæmi fram.

14. október fóru matsmenn á staðinn eftir beiðni íbúðareiganda, og kom þá í ljós allverulegur leki á áður nefndum stöðum. Þar sem leki virtist aðallega koma með sprungum í loftplötu í hornum stofunnar, þótti okkur öruggara að komast inn á þakið til frekari skoðunar.

Þann 28. október fórum við á staðinn, því daginn áður var rok og rigning. Farið var upp á þak og tekin járnplata til að gá að orsökum lekans.

Við þessa skoðun kom í ljós, að vatn kemur með sprungu, sem er á samskeytum efri brúnar plötu og veggs þakhæðar og áður nefndri sprungu yfir glugga. Það vatn, sem kemur inn um þessar sprungur, virðist ekki fara langt inn á loftið, þar sem það hefur greiðan gang gegnum loftplötu. Einangrun, sem lögð hefur verið

á loftplötu, er sænskt efni (Gulfiber), sem virðist ekki taka í sig bleytu, og var því í góðu ásigkomulagi.

Niðurstaða á mati þessu, að okkar mati, verður því:

Að utan þarf að hreinsa burtu lausan múr á kanti, saga sprungu og þetta með góðu efni, síðan múrhuða og mála. Kostnað metum við á kr. 15.900.00
Í stofu þarf að gera við sprungu, þar sem vatn hefur komið inn, bletta og mála. Kostnað metum við á . . — 6.200.00

— tuttugu og tvö þúsund og eitt hundrað krónur $\frac{0}{100}$ —“.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar eins og hér segir:

1. Kostnaður við að hreinsa burtu lausan múr á kanti, saga sprungu og þetta með góðu efni, síðan múrhuða og mála kr. 15.900
2. Viðgerð á sprungu í stofu, þar sem vatn hefur komið inn, blettun og málning — 6.200
3. Bætur fyrir óþægindi og röskun — 10.000

Samtals kr. 32.100

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir fyrst og fremst á því, að gengið hafi verið út frá því við húsakaupin, að húsið héldi vatni, og þar sem þetta hafi brugðist, beri stefnda að bæta stefnanda þann kostnað, sem hann hefur haft af því að gera húsið vatnsþétt. Á því er byggt, að stefnandi hafi kvartað, strax og hann varð var við gallann, og reynt ítrekað að fá stefnda til að bæta úr, án árangurs. Því er haldið fram, að hann hafi haldið kröfu sinni vakandi frá því fyrsta.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að sprunga hafi myndast fyrir atvik, sem hann beri ekki ábyrgð á, og að krafa stefnanda, ef einhver sé, sé fallin niður fyrir fyrningu samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Staðhæft er, að stefnandi hafi ekki kvartað út af lekanum fyrr en í desember 1968, þ. e. eftir jarðskjálftann, og er það talið styðja þá skoðun, að sprunga hafi ekki myndast fyrr en á þeim tíma. Því er einnig haldið fram, að Guðni Steingrímsson hafi gert tilraun til viðgerðar á eigin ábyrgð, en ekki á vegum stefnda.

Álit dómsins.

Lýsing málavaxta af hálfu stefnanda er mjög óljós og hvarflandi. Eins og málflutningi stefnda er háttað, þykir þó ekki alveg nægileg ástæða til frávísunar.

Dómurinn getur ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að krafa stefnanda fyrnist samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, þar sem hér er hvorki um að ræða kröfu út af sölu á lausafé, verksamning né vinnusamning, heldur fasteignakaup. Virðist þá 10 ára fyrningarreglan í 4. gr. nefndra laga taka til dómkröfu þessa máls.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að mjög ólíklegt sé, að sprungur þær, sem valda leka í íbúð stefnanda, hafi myndast við jarðskjálfta. Telja þeir, að orsakanna verði að leita í atvikum, sem varða húsbygginguna.

Dómendur fallast á þá röksemd stefnanda, að honum hafi verið rétt að ætla, að húsið héldi vatni, þegar hann keypti það af stefnda, og þar sem svo reyndist, að hið selda var gallað að þessu leyti, þykir stefndi bera bótaábyrgð á tjóni stefnanda af þeim sökum skv. grundvallarreglunni, sem fram kemur í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Af stefnda hálfu hefur ekki verið byggt á þeirri málsástæðu, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti, og þykir þá ekki ástæða til að taka afstöðu til þess, hvort stefnandi kunni að hafa fyrirgert rétti sínum með þeim hætti.

Stefnandi hefur ekki reynt að færa fram rök fyrir kröfu sinni til bóta fyrir óþægindi, og þótt ætla meg, að hann hafi orðið fyrir óþægindum vegna vanefnda stefnda, verður ekki séð, að hve miklu leyti um er að ræða fjárhagslegt tjón, en skilyrði 264. gr. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 virðast ekki vera fyrir hendi.

Aðrir liðir kröfugerðar stefnanda virðast nægilega studdir með matsgerð.

Stefnda ber þannig að greiða stefnanda kr. 22.100 auk vaxta og kostnaðar.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Óttari P. Halldórssyni verkfræðingi og Diðrik Helgasyni múrarmeistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hellir s/f, greiði stefnanda, Helga Þórarinssyni, kr. 22.100 auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og kr. 22.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.